



Múlaþing

Sóley Valdimarsdóttir

Lyngási 12,

700 Egilsstaðir

Garðabær, 10.6.2025

Málsnúmer: 202505-0042

IAS

Efni: Egilsstaðaflugvöllur, aðflugsljósa. Breyting á deiliskipulagi.

Vísað er til erindis frá Múlaþingi, frá 21. maí 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á deiliskipulagi vegna aðflugsljósa við Egilsstaðaflugvöll.

Deiliskipulagsbreytingin snýst um að gera ráð fyrir nýjum aðflugsljósum ásamt nauðsynlegum öryggis- og tækjabúnaði norður frá nyrðri enda flugbrautarenda Egilsstaðaflugvallar, til þess að uppfylla kröfur reglugerðar, uppfylla skilyrði eftirlitsaðila og bæta öryggi.

Svæðið sem breytingin nær til er vel gróið flatlendi. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar er svæðið að mestu mólendi en einnig votlendi. Jarðvegur á svæðinu er að mestu framburður Eyvindarár. Um svæðið rennur Eyvindará í manngerðum árfarvegi en í Eyvindará gengur urriði og bleikja úr Lagarfljóti. Framkvæmdin felst í uppsetningu á aðflugsljósum, veðurathugunar tækjum og öryggisbúnaði (mastur) norður frá nyrðri enda flugbrautarenda flugvallarins og jarðvegsfyllingu. Jarðvegsfyllingin verður aksturshæf til þess að hægt sé að þjónusta ljósin og tækjabúnað, og er ráðgert að fylling verði um 12- 15 þúsund m³. Með framkvæmdunum mun gróðurlendi raskast um 0,5 ha svæði, aðallega mólendi og votlendi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingarnar og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Framkvæmdasvæðið er að stærstum hluta á óröskuðu votlendissvæði sem er á náttúruminjasrá. Svæði nr. 647 – Finnsstaðanes og Egilsstaðanes. Náttúrufræðistofnun vill benda á að stofnunin telur að útbreiðsla votlendis á Finnsstaðanesi sé meiri í raun en sést á vistgerðakorti stofnunarinnar. Við fjarkönnun sem notast hefur verið við kortlagningu vistgerða geta runnamiklar mýrar með víði og fjalldrapa stundum misgreinst sem mólendisvistgerðir. Athuganir á vettvangi í Finnsstaðanesi hafa sýnt að nær samfelld votlendi er á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þar sem skiptast á forblautir flóar þar sem gulstararflóavist og tjarnastararflóavist eru ríkjandi og þurrari blettir með runnamýravist þar sem víðir hefur talsverða þekju innan um mýrastör og gulstör. Mólendi er mun minna en vistgerðakortið sýnir. Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er því nær eingöngu votlendi. Ljóst er að um töluverða röskun á votlendi er að ræða því þótt heildarsvæðið sem raskast sé ekki stórt að flatarmáli eða um 0,5 ha þá sker það svæðið um miðbik þess vel yfir hálfan kílómetra. Votlendi að þessari stærð falla undir 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun, og má einungis raska ef um ríka almannahagsmuni er að ræða.



Þó að óafturkræft rask sé af framkvæmdunum og þær fari fram á náttúruverndarsvæði og á verðmætu votlendi er óneitanlega um frekar umfangslitla framkvæmd að ræða en engu að síður er mikilvægt að fara mjög varlega við framkvæmdir og forðast ber allt óþarfa viðbótarrask því votlendið hefur mjög hátt verndargildi. Framkvæmdasvæðið er búsvæði fugla m.a. varplönd andfugla, og er ekki vitað hvað áhrif ljósin muni hafa á fuglalíf. Þá ber að forðast framkvæmdir á varptíma fugla.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur